

## 6. bekkur Glerárskóla

### Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áherslupættir í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla veffang:** <http://www.menntamalaraduneyti.is/namskrar/grunnskolar/>. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 6.bekk er 35.

**Umsjónarkennarar í 6. bekk eru:** Guðríður Sigurðardóttir og Guðrún Þóra Björnsdóttir.

### Heimavinna

Nemendur lesa heima í bókum sem tilheyra hinum ýmsu námsgreinum. Mikilvægt er að nemendurnir nái upp góðum hraða í lestri og tækni við að greina efni í texta. Öðru hverju fá nemendur verkefni í stærðfræði, íslensku og ensku til að vinna heima. Kennari skrifar áætlun fyrir heimavinnu sem nemendur skrá. Áhersla er lögð á virka samvinnu heimila og skóla.

### Íslenska

#### *Lestur/bókmenntir/ljóð/skrift*

**Helstu áhersluatriði:** Áhersla er lögð á lipran og skýran upplestur, lesskilning og framsögn. Unnið verður með valdar sögur m.a. þjóðsögur, ævintýri o.fl., og verkefni tengdar þeim. Nemendur þjálfast í að tjá sig munnlega og temji sér að tala skýrt og áheyrilega og fara eftir reglum sem gilda í umræðum. **Nemendur eru hvattir að lesa daglega** sér til ánægju.

Í ritun læra nemendur að gera útdrætti, semja sögur og frásagnir með upphaf, miðju og endi. Læra að nota orðabækur og önnur hjálpartæki við ritun. Áhersla lögð á vandaðan frágang og vinnubrögð. Nemendur skila a.m.k. einni ritgerð.

Ljóð valdra íslenskra höfundu verða kynnt og nemendur læra valin ljóð eftir þá. Einnig semja nemendur ljóð og flytja fyrir bekkjarfélaga. Farið í rím, ljóðstafi, persónugervingu og efni ljóða.

Nemendur nái þeirri leikni í skrift að þeir geti skrifað samfelldan texta þannig að hann sé auðlesinn.

**Helsta námsefni:** Rauðkápa, Óðinn og bræður hans, Lífið í Ásgarði og Æsir á ferð og flugi, Ljóðspor og efni frá kennara, Skrift 5, 6 og 7 ásamt efni frá kennara.

#### *Málfræði og stafsetning/ritun*

**Helstu áhersluatriði:** Í málfræði verður áfram unnið með nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. Auk þess verður byrjað á fornöfnum, málsháttum og orðtökum. Farið í helstu stafsetningarreglur og unnin verkefni út frá þeim. Læra að þekkja stofn orða og regluna. Unnið í Orð af orði.

**Helsta námsefni:** Skræða les- og verkefnabók II, Skrudda, verkefnabók I, Málrækt 2 og 3, Mál í mótun les- og vinnubók, Verkefnabók 2 og 3 við Rétritunarorðabók.

**Námsmat:** Byggir á hæfniviðmiðum

**Málvísi:** Námsmatið byggir á símati og könnunum.

**Lestur:** Metinn er lesskilningur, orðaforði, leshraði og framsögn. Þetta er gert með því að leggja fyrir kannanir og önnur matsverkefni. Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið, með þeim er fylgst með framförum nemenda í lestri.

**Ljóðakunnátta og bókmenntir:** Í ljóðum er metin skilningur, einfalt myndmál og ljóðstafir. Bókmenntir eru metnar með markvissum æfingum þar sem unnið er með valda bókmenntatexta á fjölbreyttan hátt. Vinnubækur gilda til námsmats ásamt prófum og könnunum.

**Ritun:** *Skrift* er metin með formlegum verkefnum og frjálsri ritun. Skriftarþróf, skriftarbækur og önnur verkefni eru metin.

*Stafsetning* er metin með reglulegum könnunum (upplestrum).

**Kennarar:** Umsjónarkennarar.

### Stærðfræði

**Helstu áhersluatriði:** Áfram verður unnið með samlagningu og frádrátt. Farið í margföldun og deilingu stærri talna. Unnið með flatarmál, ummál, rúmmál, mælingar og metrakerfi, hnitakerfi, negatífar tölur, tugabrot, almenn brot, prósentur, röð reiknisaðgerða og efnið tengt daglegu lífi. Þjálfá hugareikning, notkun vasareikna, skipulega uppsetningu í reikningshefti og vandaðan frágang.

**Helsta námsefni:** Stika 1b, 2a og 2b nemendabók og æfingahefti. Annað efni: Stjörnubækur og efni frá kennurum.

**Reiknisforrit :** kynning á Exel töflureikni

**Námsmat:** Þekking nemenda í stærðfræði er metin með hæfniviðmiðum. Horft er til kunnáttu, færni, skilnings og getu nemenda til að greina og tengja ólíka þætti, frumkvæði, vinnubragða og þrautseigju. Kannanir eru notaðar til námsmats.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar.

### Samfélagsfræði

**Helstu áhersluatriði:** Saga Íslendinga frá landnámsöld og fram undir 1300. Nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum kynntar m.a. farið í landshætti, atvinnu, stjórnarfar, mannlíf o.fl. Unnið með kort og aflað upplýsinga út frá þeim.

**Helsta námsefni:** Sögueyjan-1 870-1520, Norðurlönd, Miðaldafólk á ferð, Snorrasaga, efni frá kennara og myndbönd.

**Námsmat:** Mat byggist á þeim hæfniviðmiðum sem aðalnámskrá og skólanámskrá segja til um. Horft er til þátttöku nemenda í verkefnum s.s. framlags í hópvinnu og hæfni til samvinnu, upplýsingafærni, skipulags og vinnubragða í skriflegum verkefnum.

*Saga:* Til námsmats gilda verkefni, vinnubók og kannanir.

*Landfræði:* Til námsmats gilda verkefni, vinnubók, hópaverkefni og kannanir.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar.

## Náttúrufræði

### Lífvísindi:

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur læra um vatnið, eiginleika þess og hringrás í náttúrunni. Þá læra nemendur um lífverur í fersku vatni, samfélög lífvera og vistkerfi. Nemendur læra um mannslíkamann og hvernig allir hlutar hans starfa.

**Helsta námsefni:** Lífríkið á sjó, Maðurinn, hugur og heilsa, Myndbönd.

### Eðlisvísindi/jarðvísindi:

**Helstu áhersluatriði:** Saga vísindanna, kraftar og vélar, mælingar, hljóð og tónar, jörð, sól og stjörnur, landmótun, lofthjúpurinn. Verklegar æfingar.

**Helsta námsefni:** Auðvitað, jörð í alheimi

**Námsmat:** Mat byggist á þeim hæfniviðmiðum sem aðalnámskrá og skólanámskrá segja til um. Horft er til þátttöku nemenda í verkefnum s.s. framlags í hópvinnu og hæfni til samvinnu, upplýsingafærni, skipulags og vinnubragða í skriflegum verkefnum. Til námsmats gilda verkefni, vinnubók, kannanir og lokapróf.

**Kennari:** Umsjónarkennari.

## Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur kynnist kristinni trú, menningu og sögu kirkjunnar. Farið í vöxt og útbreiðslu kristindómsins og þýðingu hans fyrir einstaklinga og samfélag. Fræðst um helstu trúarbrögð heims. Einnig er farið í siðferðilegar (dæmi) sögur úr daglegu lífi.

**Helsta námsefni:** Ljós heimsins, Búddatrú – leiðin til nirvana og efni frá kennara.

**Námsmat:** Námsmat byggir á hæfniviðmiðum.

**Kennari:** Umsjónarkennari.

## Upplýsingatækni- tölvunotkun

**Helstu áhersluatriði:** Áhersla er lögð á að kynna fyrir nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga. Einnig er lögð áhersla á góða umgengni við tölvur, bæði í skólanum og utan hans.

**Helsta námsefni:** Upplýsingatækni 5.–7. bekkur, námsefni frá kennara.

Helstu forrit: Microsoft Word, Microsoft PowerPoint, Microsoft Publisher, Scratch og ýmis námsforrit á vef Námsgagnastofnunnar.

**Námsmat:** Símat sem byggist á vinnubrögðum og færni í notkun tölva. Verkefni í Word og Publisher og forritun í Scratch.

**Kennari:** Ingibjörg Björnsdóttir.

## Lífsleikni

**Helstu áhersluatriði:** Áhersla er lögð á umræður um samskipti s.s. innan hópsins og í fjölskyldum. Nemendum verður gert að skoða samskipti sín við aðra og gera sér grein fyrir gildi góðrar framkomu. Rætt verður um réttindi og skyldur hvers og eins í samfélaginu og mikilvægi samfélagsins fyrir einstaklinginn. Í því sambandi er sérstaklega fjallað um gildi reglna í skólanum og samfélaginu. Markmið okkar er að nemendur skilji að gott sé að hafa ákveðin lífsgildi og dyggðir að leiðarljósi og

nemendur fræðast um mannúðarhugsjónina. Lögð verður áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir ýmsum kostnaði sem t.d. fylgir áhugamálum. Gert er ráð fyrir að nemendur læri allar helstu umferðarreglur og þekki algengustu umferðarmerki. Stefnt verður að því að nemendur læri að nýta sér upplýsingar úr leiðabókum, handbókum og fjölmiðlum. Að einhverju leyti er lífsleikni samþætt öðrum námsgreinum. Nemendur safna verkefnum í verkmöppu. Umræður með bekkjarfundaformi er stór hluti kennslunnar. Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi.

**Helsta námsefni:** Ég er bara ég. Myndbandið um Dóra. Eineltishringurinn.

**Námsmat:** Þar sem umfjöllunarefni lífsleikninnar eru mjög huglæg er erfitt að meta þau á hefðbundin hátt. Umsögn er gefin í foreldraviðtölum.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar.

### Enska

**Helstu áhersluatriði:** Að auka orðaforða nemenda í ensku og kynna grunnatriði í málfræði. Að nemendur geti lesið auðvelda texta af ýmsum toga og geti skilið og tjáð sig á einföldu máli bæði munnlega og skriflega.

**Helsta námsefni:** Portfolio, Build up 1 og 2 vinnubók, B-málfræðihefti og aukaefni frá kennara.

**Námsmat:** Þar sem lögð er áhersla á hlustun og tjáningu tekur námsmatið mið af því. a Verkefnavinna og kannanir verða uppistaðan í námsmatinu.

**Kennari:** Guðríður Sigurðardóttir.

### Danska

**Helstu áhersluatriði:** Byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart dönsku. Nemendur kynnast grundvallaratriðum danskrar tungu. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur hlusti á talað mál og geti skilið einfaldar setningar og geti tjáð sig um hluti er varðar þá sjálfa og nánasta umhverfi þeirra.

**Helsta námsefni:** Start, lesbók, vinnubók, hlustunaræfingar, kvikmyndir og þættir. Tölvuforrit.

**Námsmat:** Verkefnavinna, kannanir, virkni í málnotkun.

**Kennari:** Sigríður Hreinsdóttir.

### Myndlist

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur teikna, mála og móta eigin hugmyndir inn á milli ákveðinna verkefna. Þjálfuð eru lögmál og aðferðir greinarinnar og þau grunnhugtök sem nemendur kynntust á yngsta stigi, þekking þeirra dýpkuð og nýir þættir lagðir inn. Í tengslum við skapandi starf nemenda á námið að vera hvati til aukinnar rýni og dýpri skilnings á lögmálum myndmáls í félagslegu og sögulegu samhengi myndlistar. Nemendur skoði vinnuferli allt frá skissugerð til endanlegs myndverks og nýti sér í eigin sköpun aðferðir sem fela í sér tilraunir með liti og form, mismunandi sjónarhorn og rýmmisskapandi áhrif við gerð tvívíðra og þrívíðra myndverka. Verkefnavinnan byggir á fjölbreyttum aðferðum og áhöldum þar sem blandað er saman ólíkum eignum og margvíslegri tækni og reynt verður að gæta fjölbreytni í verkefnavali. Áhersla er lögð á að nemendur temji sér skapandi úrlausnir verkefna, vönduð vinnubrögð og góða umgengni um efni og áhöld.

**Helsta námsefni:** Listavefurinn, verkefni frá kennara - efni fengið úr ýmsum bókum og gögnum um myndlist. Inntak verkefna byggir á þrepamarkmiðum í aðalnámskrá grunnskóla.

**Helstu kennsluaðferðir:** Stuttir fyrirlestrar við upphaf kennslustundar, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, samvinnunám og hópastarf.

**Námsmat:** Símat sem byggir á frumkvæði, vinnulagi, verkefnaskilum og frágangi. Vinnuferlið er metið jafnt á við frágengið verk. Einnig byggir námsmat á sjálfsmati í þeim tilgangi að auka meðvitund nemenda og ábyrgð á eigin námi.

**Kennari:** Aðalbjörg María Ólafsdóttir.

### Textílmennt

**Helstu áhersluatriði:** Áhersla lögð á að nemendur tileinki sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemendur kynnist undirstöðuatriðum í hekli og hekli snúru. Nemendur þekki hör auk silkis, bómullar og ullar. Geri verkefni með krosssaumi, telji út munstur, saumi út og ljúki verkinu með viðeigandi frágangi.

**Námsmat:** Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á vinnuferlinu, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði og umgengni auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn. Umsögn er sett inn í dagbók á Mentor.is fyrir foreldradaga.

**Kennari:** Sigrún María Guðmundsdóttir.

### Hönnun og smíðar

**Helstu áhersluatriði:** Nemendur kynnast eiginleikum efnis sem verið er að nota og möguleikum þess. Læra að nota eigin hugmyndir og koma þeim í framkvæmd. Teikna upp, vinna eftir teikningum og athuga leiðir til úrlausna. Efla sköpun og hugmyndaflug. Nemendur öðlist meiri færni í því sem áður hefur verið kennt.

**Námsmat:** Byggt á verkefnum, ástundun, framkomu, vinnubrögðum og frágangi.

**Kennari:** Ólafur Viðar Hauksson.

### Heimilisfræði

**Markmið að nemendur:**

- Velji og noti rétt áhöld við matreiðslustörf
- Þjálfist í að stækka og minnka uppskriftir
- Þjálfist í að vinna eftir uppskriftum
- Kynnist þjóðlegum íslenskum mat
- Tileinki sér einfalda vinnutækni og góða umgengni við vinnuna
- Læri að þrifa kæliskáp og eldavél
- Vinni sérstaklega með kjöt, fisk og eggjaflokk
- Geti lagt gagnrýnið mat á eigin vinnu og frágang í eldhúsi
- Tileinki sér kurteisni og tillitsemi við borðhald
- Þjálfist í að vinna með öðrum
- Tileinki sér jákvætt viðhorf til umhverfisverndar

**Skipulag kennslu/ kennsluaðferðir:**

Útlistunarkennsla, sýnikennsla, hópavinna, samvinnunám, einstaklingskennsla. Nemendur vinna 2-3 saman í hóp og læra þannig að vinna með öðrum og sýna öðrum virðingu og tillitsemi. Nemendur þurfa að vinna sameiginlega að ákveðnum verkum þar sem allir eiga að taka virkan þátt.

Í byrjun hvers tíma fer kennari yfir aðferðir og vinnubrögð fyrir þau verkefni sem fyrir liggja í tímanum með útlistun eða sýnikennslu, nemendur fara síðan að vinna og fá þá einstaklings kennslu sem þeir þurfa. Útikennsla fer fram í maí og september og þá er aðallega verið að nota útigrill. Markmið 5. bekkjar tengjast skólasýninni á margan hátt t.d. þjálfar nemendur verklega færni, kynnast ýmsum vinnuaðferðum og áhöldum og eignum til verkefnagerðar.

### **Námsefni/ kennslugögn**

Gott og gagnlegt 2 vinnubók með uppskriftum, ljósrituð gögn frá kennara, matreiðslubækur.

### **Námsmat**

Símat, sjálfsmat, verklegt próf

Sjálfsmatið á að gefa nemandanum tækifæri til þess að leggja gagnrýnið mat á eigin vinnu og framfarir. Símat er opið mat kennarans eftir hvern tíma á vinnubrögðum, frágangi, hegðun og samvinnu nemandans. Nemendum gefst kostur á að sjá hver frammistaða þeirra er hverju sinni og sjá þá hvar þeir geta bætt sig.

Verklegt próf fer fram í lok annar.

**Kennari:** Þóra Gígja Jóhannsdóttir.

### **Hreyfing og heilsa**

**Skipulag kennslu:** Farið verður í efni kennslubókarinnar með virkri þátttöku nemenda. Nemendur ræða efnið og vinna saman í pörum og smáum hópum. Leitast verður við að nemendur upplifi fræðslu um hollustu, hreyfingu og heilbrigðan lífstíl á jávæðan og virkan þátt. Farið verður í gönguferðir, gerðar æfingar í kennslustofunni og á skólalóð.

### **Markmið, að nemendur:**

- rifji upp hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn)
- greini á milli góðs og lélegs fæðuvals
- rifji upp heiti næringarefnanna
- kynnist orkuefnunum, læri um hlutverk þeirra og úr hvaða fæðu við fáum þau
- fræðist um vítamín og úr hvaða fæðu þau koma
- læri að velja hollan bita á milli mála
- geri sér grein fyrir því að góðar neysluvenjur eru mikilvægar fyrir heilsuna
- fræðist um orkuþörf og íþróttir
- geti unnið með öðrum og sýnt tillitsemi
- geti unnið og tekið þátt í verkefnum með jákvæðu hugarfari
- læri að þekkja umhverfis- og endurvinnslumerki, temji sér ábyrgð gagnvart náttúrunni og verðmætum (s.s. orku, pappír ofl.)
- þekki nokkur algeng þvottamerki

- geri sér grein fyrir því hvers vegna persónulegt hreinlæti er miklívægt

**Námsefni:** Gott og gagnlegt; lesbók og vinnubók. Efni frá kennara.

**Námsmat:** Lagt verður mat á virkni í kennslustundum og frágang vinnubókar. Sjálfsmat nemenda á frammistöðu í hópavinnu. Eitt námsmatsverkefni verður lagt fyrir og er það á formi dagbókar sem nemendur skrá heima. Gefin er umsögn fyrir dagbókina.

**Kennari:** Guðríður Sigurðardóttir.

## Íþróttir

**Helstu áhersluatriði- hæfniviðmið:** Að nemendur:

- Öðlist aukna færni í helstu grófhreyfingum og samsettum hreyfingum auk þess að bæta samhæfingu þeirra.
- Efli líkamspól, kraft, hraða og viðbragð
- Fá útrás fyrir hreyfiþörf sína og fái í leiðinni jákvæða upplifun af íþróttum
- Þjálfist í samvinnu, að sýna tillitsemi og umburðarlyndi gagnvart öðrum nemendum
- Leitast er við að kynna sem flestar íþróttagreinar sem aðstæður í skólanum bjóða upp á.

**Leiðir:** Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfimiæfingar, þolæfingar, styrktaræfingar, boltaleiki sem og leiki. Nemendum er skylt að koma með leikfimidöt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum annars fá þeir ekki að taka þátt í leikfimitímanum. Æskilegt er að nemendur hafi með sér skófatnað í leikfimitímana.

**Námsgögn:** Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

**Námsmat:** Námsmat í íþróttum byggir á stefnu skólans og markmiðsetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati allt skólaárið þ.e. ýmsum mælingum, athugunum og prófum.

Eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar við gerð námsmats í íþróttum.

**Færni:** Könnuð er færni nemenda í þoli, fimi, styrk og hraða, einnig í ýmsum æfingum og í leikjum með og án bolta.

**Virgni og ástundun:** Mat er lagt á mætingar, vinnubrögð, dugnað, áhuga og einbeitingu.

**Félagsþroski og samskipti:** Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda og hvernig nemendur bregðast við fyrirmælum kennara og annarra starfsmanna í sal og búningsherbergjum. Umgengni er metin.

**Kennarar:** Hrefna Dagbjartsdóttir, Páll Viðar Gíslason og Kári Jóhannesson.

## Sund

**Helstu áhersluatriði:** Byggt er á þeim grunni sem sundkennsla fyrstu 5 árin hefur skapað. Áfram er lögð áhersla á að bæta útfærslu hreyfinga og samhæfingu sundtaka með rétttri öndun. Í 6. bekk fer hraði í sundi að skipta meira máli.

**Námsmat:** Námsmat í sundi byggir á stefnu skólans og hæfniviðmiðum í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati þ.e. ýmsum æfingum og prófum.

**Færni:** Matið byggir á því að nemandinn geti synt 200 metra bringusund, 50 metra skólabaksund, 25 metra skriðsund, 25 metra baksund, 33 metra bringusund (tímataka), 15 metra björgunarsund (skólabaksundsátök), 8 metra kafsund.

Mat er lagt á sundstíl í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi, kafsundi og stungu af bakka.

**Virkni og ástundun:** Mat er lagt á mætingar, vinnubrögð, dugnað, áhuga, einbeitingu og úthald.

**Félagsþroski og samskipti:** Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda og hvernig nemendur bregðast við fyriræmum kennara og annarra starfsmanna í sundlaug og búningsherbergjum. Umgengni er metin.

**Kennari:** Páll Viðar Gíslason.